

Borgarráð 13. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fræðslu vegna stéttaskiptingar og fátæktarandúðar MSS23070049

Lagt er til að Reykjavíkurborg komi á laggirnar, í samstarfi við félagsmiðstöðvar grunnskóla, fræðslu um stéttaskiptingu og afleiðingar hennar í samfélaginu. Inni í þeirri fræðslu verði farið yfir ýmsar birtingarmyndir stéttaskiptingar og hvernig fátæktarandúð (e. aporophobia) hefur áhrif á fólk sem verður fyrir henni. Birtingarmyndum fátæktarandúðar verði einnig gerð skil í fræðslunni. Leitað verði til samtaka sem hafa þekkingu og reynslu af fátækt, stéttaskiptingu og afleiðingum þeirra til að sinna fræðslunni. Einnig verði fólki með fagþekkingu á sviði sálfræði og félagsráðgjafar falið að fræða ungmenni um áhrif stéttaskiptingar og fátæktarandúðar á andlega líðan þeirra lægst settu eða þeim sem verða fyrir barðinu á andúðinni. Foreldrum ungmenna á fristundamiðstöðvum og leiðbeinendum verði einnig boðið upp á fræðslu. Nánari útfærsla skal unnin hjá skóla- og fristundasviði, í samstarfi við samtök og aðila með reynslu eða þekkingu af fátækt og stéttaskiptingu.

Greinagerð:

Viðhorf samfélagsins til þeirra sem tilheyra lágstétt eru lituð mjög af fordómum. Fólk af lægri stéttum verður fyrir bæði duldu og opnum fordómum frá þeim sem hafa það betur efnislega. Fordómarnir geta birst í persónulegum samskiptum við annað fólk eða á opinberum vettvangi. Þar má nefna fjölmiðlaumfjöllun og orðræðu um fátækt fólk í samfélaginu. Auk þess hefur fátækt fólk tekið samfélagsleg viðhorf inn á sig og beint gegn sjálfu sér. Þannig verður til það viðhorf að lífsaðstæðurnar sem það sjálft lifir við sé einungis því sjálfu að kenna, en ekki þeim samfélagsstrúktúr sem settur hefur verið upp í þeim tilgangi að skipta manneskjum upp í mismunandi stéttir. Ójöfnuður hefur einnig neikvæð áhrif á andlega líðan fólks. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ójöfnuður getur ýtt undir andlega kvilla og veikindi. Fátækt hefur líka svipað samband við andlega kvilla. Mikilvægt er að ungmenni, foreldrar og leiðbeinendur séu meðvitaðir um afleiðingar ójöfnuðar og fordómunum sem birtast vegna hans og fátæktar. Margt ungt fólk hefur ekki vitneskju um afleiðingar ójöfnuðar og fátæktar. Því er mikilvægt að fræðslan sé til staðar. Sporna þarf einnig gegn fordómum og andúð gagnvart fátækt með slíkri fræðslu.